

Efnagreining vatnssýnis úr holu 10 á Dalvík

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-04

EFNAGREINING VATNSSÝNIS ÚR HOLU 10 Á DALVÍK

Þann 19. október 1985 var tekið sýni af jarðhitavatni úr holu 10 fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

Niðurstöður efnagreiningar á aðalefnum er hér að neðan:

Dags.	Hiti °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	Cl	F	Uppl. 02 efni
-------	------------	-------	------------------	----	---	----	----	-----------------	-----------------	----	---	------------------

mg/kg

851019 64,3 10,29/20,7 88,9 46,5 0,74 2,0 0,001 14,2 13,4 9,5 0,52 203 0,03

Súrefni í vatninu við holutopp mældist 30 ppb og 40 ppb út af tanki. Þess ber að geta að þessar mælingar voru gerðar með sérútbúnum kælibúnaði, sem var alveg þéttur fyrir loftinnstreymi. Kælispíralinn var úr ryðfríu stáli. Mæling á súrefni í ókældu vatni gegnum stuttan slöngubút gaf sömu niðurstöðu. Mæling á vatni sem kælt var með koparspíral Hitaveitunnar gaf hins vegar mun lægra gildi. Frumprófun á rannsóknarstofu Orkustofnunar sýndi að vatn sem kælt er með koparspíral gefur mun lægri súrefnisgildi en ókælt og kælt með stálspíral. Ekki er fullljóst hvort koparinn virkar sem hvati eða hann hvarfast beint við súrefnið. Verið er að prófa þetta betur.

Þær niðurstöður sem fengust um súrefnisstyrk í holu 10 í ókældu vatni og vatni kældu með kælibúnaði Orkustofnunar eru í samræmi við fyrri mælingar Orkustofnunar og Ásbjörns Ólafssonar í skýrslu hans til Hitaveitusambandsins.

Hvað varðar aðalefni í vatninu sjást ekki marktækar breytingar frá fyrra ári.